

3. gr.

Grein 4.5 orðist svo:

Ef um er að ræða sjónflug í láréttu farflugi ofar en 3000 fet (900 m) yfir láði eða legi eða hærra ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald mælir svo fyrir, og með þeim undantekningum, sem um getur í 4.5.1. skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess og sýnt er í töflu yfir farflugslög í viðauka C.

Þegar flogið er í 7000 fetum eða neðar skal flogið á loftþrýstingi miðað við meðalsjávarmál (QNH). Þar fyrir ofan skal flogið farflugslagi á 1013.2 hPa (29.92 ins).

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júlímánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í ágúst 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

REGLUGERÐ**um (2.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.**

1. gr.

Grein 12.2.1 hljóði svo:

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í III. - V., VIII. og X. - XVII. kafla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.